Heilbrigðisnefnd Vesturlands, fundur nr. 127
Dags. 8. Júní 2015

**FUNDARGERÐ**
**127. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS**

Mánudaginn 8. júní 2015 var haldinn fundur hjá Heilbrigðisnefnd Vesturlands á Langjökli og í Húsafelli.

Á fundinum voru:
Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður
Hafdís Bjarnadóttir (HB), varamaður Eyþórs Garðarssonar
Ólafur Adolfsson (ÓA)
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Sigrún Guðmundsdóttir (SG)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Trausti Gylfason komst ekki. Formaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

**Dagskrá**

**1. Skoðunarferð um skipulagt svæði á Langjökli.**
Áætlað var að skoða svæðið við Geitland og fara upp á Langjökul í skoðunarferð um ísgöngin. En vegna veðurs og snjóa var ekki hægt að komast alla leið. Tíminn var þó vel nýttur og hluti fundar fór fram í bifreiðinni neðan við Geitlandsbrekkuna.

**2. Svelgsárvirkjun**
Erindi bæjarstjórnar Stykkishólms, dags. 30.maí´15, vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við virkjun Svelgsár Helgafellssveit.
Framkvæmdastjóra falið að afla gagna hjá sveitarstjórn Helgafellssveitar vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar enda hafa engin gögn borist til HeV um málið frá 2012.

**3. Íbúafundur á Akranesi vegna HB Granda þann 28. maí s.l.**
Framkvæmdastjóri, Ingibjörg og Ólafur greindu frá efni fundarins.

**4. Endurákvörðun sorpgjalda fyrir árið 2014 á Akranesi.**
Fyrir liggur bréf bæjarstjórnar frá 29. maí s.l ásamt tillögu að gjaldskrá fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Akraneskaupsstað, undirrituðum ársreikningi Gámu 2014 og gagna úr ársreikningi Akraneskaupsstaðar 2014 vegna sorpmála (liðir 08 og 53).
Heilbrigðisnefnd telur gjaldskránna vera í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Akranesi 1231/2005 og í samræmi við 25.gr laga nr 7/1998 og gerir ekki athugasemdir við gjaldskránna.

Ingibjörg og Ólafur viku af fundi við afgreiðslu á þessum lið.

Sigrún Guðmundsdóttir stjórnaði fundinum í fjarveru varaformanns nefndarinnar.

**5. Starfsleyfi Ísganga ehf.**
Ísgöng ehf. Starfsleyfi fyrir móttöku ferðamanna í ísgöngum í Langjökli.
Önnur gögn varðandi Ísgöng ehf, deiliskipulag og fleira.
Fyrir liggur starfsleyfi frá síðasta stjórnarfundi fyrir starfsemi í ísgöngum í Langjökli og heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi deiliskipulag í Geitlandi sbr. tillögu frá Eflu verkfræðistofu dags.05.05.2015.

**6. Starfsleyfi.**
Meðferðarheimilið Staðarfell Dalabyggð. – Endurnýjun.
Tjaldstæði Snilldarferða Þórisstöðum Hvalfjarðarsveit – Nýr rekstraraðili.
Heimilisiðnaðareldhús, Félagsheimilið Breiðablik, Eyja – og Miklaholtshr.- Nýtt.
Matvöruverslun Bifröst, Borgarbyggð. Hótel Bifröst ehf. – Nýtt

Ofangreind leyfi staðfest.

**7. Umsagnir til sýslumanns. Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða**
Hverinn ehf, Björk Kleppjárnsreykjum. Heimagisting. – Nýtt
Stekkjarinn ehf. Gistiheimilið við Hafið, Ólafsbraut 55 í Ólafsvík- Nýtt
Eyrarskógur 16, í landi Eyrar Hvalfjarðarsveit, sumarhús. – Nýtt
Hótel Glymur, Hvalfjörður ehf. – Endurnýjun
Félagsheimilið Breiðablik, Eyja- og Miklaholtshreppi, Gistiskáli og samkomusalir. – Endurnýjun
Laugaland, Laugum, Dalabyggð. Íbúð. – Nýtt
Brautarholt 2, Ólafsvík, heimagisting. – Nýtt

Framlagt.

**8. Umsagnir til sýslumanns vegna tækifærisleyfa.**
Félagsheimilið Brautartunga, Borgarbyggð. Kotakinn ehf. Sumarball 16. júní n.k.
Framlagt.

**9. Tóbakssöluleyfi. -Gildir í 4 ár.**
Verkamenn ehf, Ferstikluskálinn Hvalfirði.
Hótel Bifröst ehf, Matvöruverslun Bifröst Borgarbyggð.
Staðfest.

**10. Aðrar umsagnir**
-Deiliskipulag fyrir frístundabúskap á svæði Nýræktar í Stykkishólmi. Umsögn send skipulags- og byggingarfulltrúa Stykkishólms.
-Umsögn um undanþágubeiðni vegna aldurs starfsmanns í sundlaug á Vesturlandi. Sent Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

-Breyting á aðal- og deiliskipulagi Grundarfjarðar vegna nýrrar aðveitustöðvar. Umsögn send skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðar.
-Breytt deiliskipulag lóðar við Ártún 1 í Grundarfirði. Umsögn send skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðar.

Framlagt.

**11. Önnur mál.**
**- Innköllun á lífrænu súkkulaði 2. júni s.l. Heildsala á Akranesi.**
Greint frá málinu.

**- Breytt svæðisskipulag miðhálendis, skálasvæði í Geitlandi og ísgöng í Langjökli.**

Bréf frá Skipulagsstofnun 24. apríl 2015.
Framlagt.

**- Dalabyggð. Starfsleyfi fyrir urðunarstað í landi Höskuldsstaða. Drög að starfsleyfi send HeV frá UST þann 1. júní s.l**
Framlagt.

Fundi slitið á Húsafelli kl: 16:45